



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 5/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banka hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 5/2012 er undanfari umræðuskjals 10/2012 sem varð að reglum nr. 1250/2012 um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Arion banki	Almenn umsögn	Bankinn fagnar því að fá tækifæri til að koma með athugasemdir um reglurnar sem skipta verulegu máli í starfsemi bankans. Almennt leggur bankinn áherslu á að hér á landi gildi sambærilegar reglur á sviði fjármálamarkaða og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og á það jafnframt við um útgáfu víkjandi bréfa. Bankinn vildi gjarnan fá að fylgja athugasemdum þessum eftir með stuttum fundi.
2	Arion banki	1.mgr 2. gr.	„4. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækis, krafist að eiginfjárbréfinu sé umbreytt í hlutafé eða stofnfé, sbr. 5 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki"...“ Bankinn telur að skilgreina þurfi í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að krefjast þess að eiginfjárbréfi sé umbreytt. Þá telur bankinn að með vísan til „fjárhags- og eiginfjárstöðu“ fjármálafyrirtækis sé ekki að finna afmörkun á því í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitinu verði heimilt slíkt inngrip. Lagt er til að nánar sé tiltekið í hvaða tilvikum og við hvaða aðstæður Fjármálaeftirlitinu hefur heimild til að krefjast umbreytingar á eiginfjárbréfi. Það inngrip sem mælt er fyrir í töluliðnum getur verið mjög íþynjandi fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja og óviðunandi að ekki liggi fyrir með skýrari hætti í hvaða tilvikum eftirlitið getur gert slíka kröfu. Mikilvægt er að reglur um eiginfjárbréf séu skýrar og gagnsæjar, en með nánari tilgreiningu er bankanum hægara að starfa í samræmi við viðkomandi reglur auk þess sem frekari óvissu er eytt bæði fyrir útgefanda bréfsins sem og eiganda þess um möguleika á umbreytingu bréfsins án viðvörunar eða leiðbeiningarsjónarmiða.
3	Arion banki	2 .mgr. 2.gr	Breytihlutfall (e. conversion ratio) eiginfjárbréfa yfir í hlutafé eða stofnfé skal ákvarðast á útgáfudegi bréfsins og skal hlutfallið miðast við markaðsvirði hlutafjár eða stofnfjár á þeim tíma, sbr. þó 3. mgr.“ Bankinn telur breytihlutfallið sem lagt er til vera þrengra en er t.d. að finna í tilmælum CEBS, Implementation Guidelines for Hybrid Capital Instruments (IGfHCI) frá 10 Desember 2009. Því til stuðnings vísast til IGfHCI, málsgreinar 135. „135. The obligation to have a predetermined conversion ratio does not prevent some technical adjustments to the pre-fixed conversion ratio in case of extraordinary operations on company capital (i.e. mergers, acquisitions, break-up, reorganization, grouping of shares, etc.)“ Bankinn leggur til að bætt sé við 2. mgr. 2. gr. reglnanna að staðlað breytihlutfall komi ekki í veg fyrir tæknilegar aðlagnir við óvenjulegar aðstæður, sbr. málsgrein 135 í IGfHCI sem að framan er getið og jafnframt verði upptalning í dæmaskyni um óvenjulegar aðstæður. Með nánari útlistun er

			bankanum þannig hægara að starfa í samræmi við reglurnar og jafnframt fylgjast með við hvaða aðstæður tæknilegar aðlaganir gætu átt við, s.s. við samruna, yfirtöku o.fl.
4	Arion banki	3.mgr.5.gr.	<p>1., 2, og 3. töluliður, 3. mgr. 5. gr.</p> <p>„Við mat á því hvort fjárhags- og eiginfjárstaða útgefanda sé ásættanleg lítur Fjármálaeftirlitið m.a. til eftirfarandi þátta:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. hversu mikið eiginfjárstaða útgefanda er umfram lágmarkskröfur,</li> <li>2. fyrirsjáanlegrar þróunar á fjárhagsstöðu útgefanda og</li> <li>3. fjárhagslegs heilbrigðis útgefanda að öðru leyti.“</li> </ol> <p>Bankinn telur að skilgreina þurfi frekar í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitinu er heimilt að stöðva vaxtagreiðslur. Telur bankinn að upptalning þátta sem líta ber til við mat á fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda séu óljós og ekki nægilega útlistað. Væri þannig hægt að afmarka nánar hversu mikið eiginfjárstaða skal vera umfram lágmarkskröfur svo að fjárhags- og eiginfjárstaða bankans sé ásættanleg. Við mat á fyrirsjáanlegri þróun á fjárhagsstöðu útgefanda væri hægt að notast við fjárhagsáætlun útgefanda (sem tekur til ákveðinna árafjöldna) og jafnframt afmarka nánar hvað einkennir fjárhagslegt heilbrigði að öðru leyti. Þessu til stuðnings vísar bankinn til IGfHCl, málsgreina 81a), 81b) og 81c). „81.Hence, competent authorities may require the cancellation of coupons/dividends on hybrid instruments taking into account, amongst others, the following:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>a) the solvency data before and after that payment, namely if such payment, or other foreseeable internal and external events/circumstances, may increase the risk situation of the credit institution by causing a breach of its capital requirements;</li> <li>b) information on the forecast development of the data under item a) for the following x (e.g. 3-5) years based on its business plan, including the planned development of its balance sheet and profit and loss account;</li> <li>c) evaluation of the risks to which the credit institution is or might be exposed and whether the level of own funds ensures the coverage of such risks, including stress tests on the main risks showing potential losses under different scenarios.“</li> </ol> <p>Með nánari tilgreiningu er bankanum því hægara að starfa í samræmi við reglurnar og halda fjárhags- og eiginfjárstöðu sinni í ásættanlegri mynd. Þannig er óvissu eytt fyrir útgefanda bréfs og jafnframt eigendur bréfa um hvenær vaxtagreiðslur geti verið stöðvaðar án viðvörunar eða leiðbeiningarsjónarmiða.</p> <p>.</p>
5	Arion banki	5. mgr. 5. gr.	<p>„Ákvæði um takmarkanir á vaxtagreiðslum gilda einnig um aðrar greiðslur af eiginfjárbréfinu.“</p> <p>Bankinn telur að ekki sé nægilega skýrt hvaða greiðslur falli undir „aðrar greiðslur“ í skilningi greinarinnar. Í því samhengi sem dæmi hvort að greinin taki einnig til uppgreiðslu á eiginfjárbréfinu.</p>

6	Arion banki	3.mgr. 6.gr.	<p>4. töluliður 3. mgr. 6. gr.  „4. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu, krafist niðurfærslu eiginfjárbréfs,"  Bankinn telur að skilgreina þurfi með skýrari hætti í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitið geti krafist niðurfærslu eiginfjárbréfs. Leggur bankinn til að miða eigi við eldri reglur um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki nr. 156/2005, sbr. 4. tl. 2. gr. þeirra reglna. Þessu til stuðning vísar bankinn til IGfHCl, málsgreinar 115:</p> <p>„With regard to the trigger point, the issuer or the competent authority shall be able to operate the mechanisms when losses lead to a significant reduction of the retained earnings and other reserves with the consequence of causing a significant deterioration in the solvency level - which does not necessarily mean a breach of the required solvency level - expressed in terms of an original own funds ratio or any other relevant ratio that the issuer must maintain to be viable.“  Með því að tilgreina nánar við hvaða aðstæður Fjármálaeftirlitið getur krafist niðurfærslu eiginfjárbréfs er bankanum hægara að starfa í samræmi við reglurnar og sjá til þess að fjárhags- og eiginfjárstaða haldis ásættanleg. Með þeim hætti er óvissu útgefanda bréfs sem og eigenda þess um hvenær Fjármálaeftirlitið getur krafist niðurfærslu bréfs án viðvörunar eða leiðbeiningarsjónarmiða eytt.</p> <p>5. töluliður 3. mgr. 6. gr.  „5. niðurfærsla höfuðstóls er endanleg og óafturkræf,...“ Bankinn telur að með því að niðurfærsla höfuðstóls sé endanleg og óafturkræfa sé meðalhófs ekki gætt. Því til stuðnings má vísa til IGfHCl, málsgreinar 114b).</p> <p>„b) The possibility of writing down the principal temporarily at a trigger point. The temporary write-down of the principal of an original own funds hybrid reduces future expenses to the extent that future coupons are cancelled while the principal amount is written down until the full principal amount is written back up again. A meaningful mechanism for a write-down and/or a (later) write-up would, for example, be pari passu with the shareholders or holders of instruments referred to in Article 57(a). During the write down period, the coupon should be cancelled and dividend stoppers and pushers should operate in a way that places the hybrid holders pari passu with the shareholders or holders of instruments referred to in Article 57(a).“</p> <p>Telur bankinn að með því að einskora lækkun höfuðstóls við leiðbeiningarsjónarmið IGfHCl, í málsgrein 114a) án þess að veita möguleika á tímabundinni niðurfærslu í einstökum tilvikum sé gengið lengra en þörf sé á. Með því að veita möguleika á tímabundinni niðurfærslu telur bankinn að ýtt sé undir sátt aðila á niðurfærslu bréfs og að auki veittur hvati til koma fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda aftur í ásættanlegt horf.</p>
---	-------------	--------------	---